Ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Trolle & Rothe h/f f. h. Almennra trygginga h/f, skal vera sýknt af kröfum stefnanda, Hraðfrystihúss Grindavíkur h/f, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 8. desember 1949.

Kærumálið nr. 19/1949.

Njáll Gunnlaugsson

gegn

Skiptaráðandanum í Akureyrarkaupstað f. h. dánarbús Hjartar Lárussonar.

Krafa um frestun uppboðs.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 15. f. m., er hingað barst 23. s. m., kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn 15. nóvember sl. í uppboðsrétti Akureyrarkaupstaðar af Guðmundi Eggerz bæjarfógetafulltrúa, en með úrskurði þessum var synjað beiðni um, að uppboð á helmingi skipsins Eyfirðings, E. A. 480, eignar varnaraðilja, yrði frestað til 7. janúar n. k. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður uppboðsréttarins verði úr gildi felldur og umræddur frestur veittur. Svo krefst hann og 200 króna kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Hæstarétti hafa eigi borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Sóknaraðili, sem er eigandi helmings Eyfirðings, E. A. 480, hefur sótt um aðstoð og skuldaskil samkvæmt lögum nr. 100/1948, en á skipi þessu í heild hvíla sameiginleg sjóveð og samningsveð fyrir miklum fjárhæðum. Eigi liggur enn fyrir úrlausn skilanefndar samkvæmt nefndum lögum um það, hver aðstoð sóknaraðilja verður veitt. Þá kveður sóknaraðili eigi enn að fullu kunnugt, hverju umræddar veðskuldir nemi. Eins og á stendur, þykir það geta skipt sóknaraðilja máli, að úrlausn skilanefndar liggi fyrir, áður en framan-

greint uppboð fer fram. Verður því tekin til greina krafa hans um frestun uppboðsins, en eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindur frestur er veittur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 15. nóv. 1949.

Samkvæmt ákvörðun skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar var hálft m/s Eyfirðingur, E.A. 480, eign dánarbús Hjartar Lárussonar, auglýst til sölu á opinberu uppboði, er skyldi fara fram fimmtudaginn 10. þ. m. kl. 14.

Eins og fram lagt veðbókarvottorð ber með sér, rskj. nr. 4, á Fiskveiðasjóður Íslands veð í skipinu. Á uppboðinu mætti fyrir hönd sjóðsins Eggert Jónsson, lögfræðingur hér, og óskaði þess, að uppboðinu yrði frestað til laugardags 7. janúar nk. Sem ástæðu fyrir frestun þessari tók hann fram, „að beðið hefði verið um skuldaskil af Njáli Gunnlaugssyni, sem á helming í skipinu Eyfirðingi, E. A. 480." Njáll Gunnlaugsson tók fram, að hann sé prókúruhafi fyrir Útgerðarfélag Eyfirðings og sem slíkur leitað aðstoðar til skilanefndar, sbr. lög nr. 85 15. des. 1948.

Björn Halldórsson hdl. mætti í uppboðsréttinum og lagði fram afrit af fjárnámsgerðum um sjóveðskröfur í m/s Eyfirðingi og mótmælti með skírskotun til 21. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, að uppboðinu yrði frestað.

Upplýst er hér fyrir réttinum, að dánarbú Hjartar Lárussonar var tekið til opinberra skipta 8. júní sl. og að erfingjar tóku ekki að sér ábyrgð á skuldum búsins. Njáli Gunnlaugssyni mátti því vera ljóst, að hann gat engar ráðstafanir gert einn um eignir búsins in casu um eign dánarbúsins í m/s Eyfirðingi.

Uppboð þetta er auglýst í fyrsta skipti í Lögbirtingablaðinu, sem kom út 27. sept. sl., en Njáll leitar ekki aðstoðar skilanefndar fyrr en um miðjan október sl. Þá má geta þess, að samkv. 29. gr. skiptalaganna eiga skuldheimtumenn rétt á því að heimta, að sem bráðast verði að því unnið, að fjármunir búsins verði seldir.

Að þessu athuguðu verður krafan um að fresta uppboðinu ekki tekin til greina, heldur á uppboðið nú þegar að fara fram.

Málið var tekið til úrskurðar 10. þ. m.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna uppboðsfrestun verður ekki tekin til greina, heldur fer uppboðið nú þegar fram.